

**81. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
17. apríl 2018 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Björg Jónsdóttir, Íris Sigurðardóttir og Vilborg Valgeirsdóttir fulltrúar Vallarsel, áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og áheyrnarfulltrúi Þorpsins Heiðrún Janusardóttir, áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra Anney Ágústsdóttir og áheyrnarfulltrúi starfsmanna leikskóla Þórdís Árný Örnólfsdóttir, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1804016 - Vallarsel - þróunarverkefni / þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundaráð veitti árið 2015 Vallarseli kr.3.100.000 í þróunarstyrk til verkefnisins "Fjölmenningarlegt skólastarf í Vallarseli".

Skóla- og frístundaráð þakkar afar góða skýrslu um þróunarverkefnið og hvetur til þess að haldið verði áfram að þróa hugmyndafræði og vinnubrögð í anda verkefnisins. Jafnframt leggur ráðið áherslu á mikilvægi þess að Vallarsel miðli afrakstri verkefnisins til skólasamfélagsins á Akranesi.

Áheyrnarfulltrúar Björg Jónsdóttir, Íris Sigurðardóttir og Vilborg Valgeirsdóttir víkja af fundi 17:30.

2. 1804126 - Innritun í leikskóla haust 2018

Innritun í leikskóla haustið 2018 er lokið. Börn fædd í janúar, febrúar, mars og apríl 2017 hafa verið innrituð. Pláss og mönnum gefur tækifæri til að bjóða börnum fæddum í maí 2017 leikskólavist. Sú ráðstöfun mun ekki fela í sér kostnaðarauka.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að börnum fæddum í maí 2017 verði boðið leikskólavist haustið 2018.

Áheyrnarfulltrúi Anney Ágústsdóttir og Þórdís Árný Örnólfsdóttir víkja af fundi 17:40.

3. 1803033 - Frístundaheimili - markmið og viðmið

Ásthildur víkur af fundi kl. 18:15

Áheyrnarfulltrúar Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Heiðrún Janusardóttir taka sæti á fundinum kl. 17:40.

Skóla- og frístundaráð þakkar verkefnastjóra Þorpsins fyrir kynninguna og lýsa fundarmenn yfir ánægju með þá vinnu sem hefur farið fram og þær verklagsreglur sem voru kynntar.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir því að tillögur verkefnistjóra verði kostnaðargreindar.

Áheyrnarfulltrúar Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Heiðrún Janusardóttir víkja af fundi kl.

4. 1611149 - ÍA - rekstur og samskipti, endurnýjaður samningur

Staðan í vinnu við samning Akraneskaupstaðar og ÍA.

Formaður ráðsins kynnti stöðu málsins.

5. 1705211 - Fimleikahús Vesturgötu - hönnun / rýnihópur

Kynning á lokahönnun fimleikahússins við Vesturgötu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20.

Pósth. Lf.

Kristín H. Sveinsson

Sigrún Inga Guðnadóttir

Valgerður Jónsdóttir

Fríðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir